Norðurlandaráð

A 1887/præsidiet

Flytjandi	Forsætisnefnd
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

Forsætisnefndartillaga um breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs 2021

Tillaga
Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

að breyta greinum 44 og 65 í starfsreglum Norðurlandaráðs frá og með 1. janúar 2022 þannig að þær hljóði svo:

44. gr. Nefndaskipan

Þingið kýs formann, varaformann og fimm almenna fulltrúa í eftirlitsnefnd auk fimm varafulltrúa þeirra. Öll lönd og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í nefndinni. Hvorugt kyn eigi þar færri en 40% fulltrúa.

Enginn þeirra má vera eða hafa á undangengnu almanaksári verið fulltrúi eða staðgengill í forsætisnefnd eða stjórn Norræna menningarsjóðsins. Þegar eftirlitsnefndin hefur til meðferðar mál sem varðar flokkhóp er hver sá fulltrúi í nefndinni sem tilheyrir þeim flokkahópi vanhæfur til að fjalla um málið.

Ákvæði 23. gr. og 30. gr. eiga hér við að breyttu breytanda. Formaðurinn getur ákveðið að efna til aukafundar og skal boðað til aukafundar ef þrír nefndarfulltrúar fara fram á það.

Í forföllum formanns og varaformanns velur nefndin fundarstjóra.

65. gr. Útnefningar

Flokkahópar og fulltrúar sem standa utan flokkahópa fá frest sem kjörnefnd ákveður til að útnefna frambjóðendur til kosninga sem fram fara á þingfundi.

Landsdeildirnar tilnefna forseta og varaforseta Norðurlandaráðs sem og fulltrúa í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans og stjórn Norræna menningarsjóðsins.

Við útnefningarnar ber að leitast eftir jafnvægi milli landa og kynja og enn fremur, sé þess kostur, taka tillit til nefndarsetu á þjóðþingum.

Bakgrunnur
Í bréfi til forsætisnefndar dagsettu í nóvember 2020 telur kjörnefnd að öll lönd og allir flokkahópar skuli eiga fulltrúa í eftirlitsnefnd og að hvorugt kyn eigi þar færri en 40% fulltrúa.

Forsætisnefnd fjallaði um bréfið á fundi sínum 8. mars 2021 og ákvað að leggja til breytingar á starfsreglunum sem taka tillit til þessa.

Sjónarmið forsætisnefndar
Forsætisnefnd telur að allar landsdeildir skuli eiga fulltrúa í eftirlitsnefnd eigi þær að geta sinnt eftirliti með því hvernig norrænu fé er varið enda eru það löndin sem fjármagna norrænt samstarf.

Forsætisnefnd telur að allir flokkahópar skuli eiga fulltrúa í eftirlitsnefnd eigi þeir að geta lagt sitt af mörkum við þingbundið eftirlit.

Forsætisnefnd telur að taka þurfi fram að hvorugt kyn skuli eiga færri en 40% fulltrúa í eftirlitsnefnd til að tryggja kynjajafnvægi.

Þegar eftirlitsnefndin hefur til meðferðar mál sem varðar flokkhóp er hver sá fulltrúi í nefndinni sem tilheyrir þeim flokkahópi vanhæfur til að fjalla um málið að mati forsætisnefndar.

Norðurlöndum 7. september 2021

Annette Lind (S)
Aron Emilsson (SD)
Bertel Haarder (V)
Christian Juhl (EL)
Erkki Tuomioja (sd)
Gunilla Carlsson (S)
Hans Wallmark (M)
Jouni Ovaska (cent)
Linda Modig (C)
Martin Kolberg (A)
Michael Tetzschner (H)
Wille Rydman (saml)